

Mál nr. 158/2014

M  
og  
váttryggingafélagið X v/ frítímaslysáttryggingar.

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna tannbrots á árinu 2003.**

**Gögn.**

75. Málskot, móttakið 25.5.2014, ásamt fylgigögnum.  
76. Bréf X, dags 12.6.2014.

**Málsatvik.**

Hinn 29.3.2003 brotnaði stórt stykki úr annarri framtönn M, en hann var þá á 11. aldursári. Bráðabirgðaviðgerð fór fram á tönninni. M var váttryggður samkvæmt frítímaslysáttryggingu hjá X. Tjónið mun hafa verið tilkynnt X daginn eftir að það varð. Kveðst M hafa fengið þær upplýsingar hjá félaginu að það fengist ekki greitt fyrir en fullnaðarviðgerð á tönninni hafi farið fram.

Í mars 2014 fór fullnaðarviðgerð fram og í kjölfar þess var krafist bóta úr slysáttryggingunni vegna kostnaðar við viðgerðina. Hafnaði X bótaskyldu með vísan til þess að krafan væri fyrnd.

**Álit.**

Váttryggingaratburðurinn varð í mars 2003 þegar framtönn M brotnaði. Um atvikið gilda lög um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 sem þá voru í gildi. Samkvæmt 29. gr. laganna fyrndust kröfur sem risu af váttryggingarsamningi á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, er kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur um greiðslu bóta eða váttryggingarfjárhæðarinnar fyrndust þó í síðasta lagi á 10 árum frá því að váttryggingaratburðurinn gerðist. Þegar bóta var krafist úr frítímaslysáttryggingunni voru nærfelld 11 ár liðin frá því váttryggingaratburðurinn varð. Krafan var þá fyrnd lögum samkvæmt. Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins sem gefur tilefni til að ætla að það hafi verið vegna atvika sem X ber ábyrgð á að bótakrafa hafi fyrst verið gerð eftir að hún fyrndist. Tjón M vegna tannbrotsins fæst því ekki bætt úr slysáttryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu hjá X.

Reykjavík, 3. júlí 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.